- III. Að ákveða, að landssiminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1963 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.
- IV. Að verja afgangi af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.
- V. Að greiða lækisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru lækislaus þrjú mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að lækislaunum þann tíma, sem héraðið er lækislaust.
- VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.
- VII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóþveifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.
- VIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.
- IX. Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.
- X. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.
- XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappambúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.
- XII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).
- XIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aukum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.
- XIV. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.
- XV. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.
- XVI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.
- XVII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.
- XVIII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðisjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.
- XIX. Að taka allt að 8 millj. kr. lán til byggingar Kennaraskólans.
- XX. Að taka allt að 560 þús. kr. lán til endurbóta á Fiskiðjuveri Seyðisfjarðar, en það er nú eign ríkissjóðs.
- XXI. Að taka lán að fjárhæð 14 200 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.

- XXII. Að kaupa húseignina Borgartún 7 í Reykjavík.
- XXIII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af sérstökum tækjum og efni, sem lagt er til af Mikla Norræna Rítsímafélaginu og flutt inn vegna nýju sæsímanna, samkvæmt samningum við það félag, dags. 26. jan. 1960.
- XXIV. Að ábyrgjast allt að 60% af byggingarkostnaði nýrra flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts).
- XXV. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Krabbameinsfélags Íslands á vindlingapakka og greiða félaginu allt að 25 aurum af hverjum pakka, er hún selur með merki félagsins.

23. gr.

Frá 1. júní 1962 er heimilt að greiða 7% uppbót á laun starfsmanna ríkisins, þar með talin yfirvinna.

24. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1963 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. febrúar 1960 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1963.

Þá er og heimilt að greiða sérstaka uppbót á allar fyrrnefndar greiðslur frá 1. júní 1962 að telja, sem nemi 7%.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

25. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1963 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka rekstrarútgjöld samkvæmt frumvarpi þessu um 347.5 millj. kr. Mest verður hækkunin á liðnum niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eða 130 millj. kr., er á öðrum stað í greinargerð nánar greint frá því, hvað þeirri hækkun veldur. Þá hækka framlög til félagsmála um 85.9 millj. kr., m. a. vegna þess, að nú er lagt til að aftur verði tekið í fjárlög framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem eigi er í fjárlögum í ár, þar eð gert var ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi það á nokkrum árum. Hafa nú tekizt samningar um greiðslu þess, og er fyrsta afborgun af því framlagi tekin í frv. Þá verður veruleg hækkun á framlögum til almannatrygginga, byggingarsjóðs verkamanna og ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Kennslumál hækka að vanda nokkuð eða um 18.4 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda og útgjalda, sem af henni leiðir. — Landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál hækka, hvort um sig, um 9 millj. kr., sem að mestu stafar af löggjöf frá síðasta Alþingi um aukin framlög til stofnlána-deildar landbúnaðarins og aflatryggingasjóðs.

Þá var nú nýlega samið um 7% launahækkun til handa ríkisstarfsmönnum og enn fremur voru á yfirstandandi ári ákveðnar sérstakar launabætur til kennara. Er áætlað, að útgjöld ríkissjóðs aukist af þessum sökum um 65 millj. kr., eins og nánar er vikið að í grg. um 19. gr. frv.

Gert er ráð fyrir að útborganir á 20. gr. hækki um tæpl. 17.2 millj. kr.

Áætlað er, að rekstrartekjur hækki lítið eitt meir en útgjöldin, eða um 374.2 millj. kr., án þess að grípa þurfi til skatta- eða tollahækkana. Þessi aukning ríkis-

teknanna stafar að nokkru af vaxandi innflutningi til landsins vegna aukinnar framleiðslu og frjálsari viðskipta. Enn fremur af aukinni veltu innanlands og hækkandi tekjum landsmanna.

Unnið er áfram að því að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum og hefur talsvert áunnizt í því efni. Má sem dæmi nefna fækkun þá, sem orðið hefur á starfsliði tollstjóraembættisins í Reykjavík, er upp var tekin hin sameiginlega gjaldheimta samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi.

Þess skal að lokum getið, að sú breyting verður á launaliðum frv. frá gildandi fjárlögum, að 4% kaupuppbótin, sem kom í gildi 1. júní s. l., er í frv. að sjálfsögðu reiknuð miðað við heilt ár. Veldur það 1.6% hækkun á launaliðunum.

#### Um 2. gr.

1. *Tekju- og eignarskattur* er áætlaður 155 millj. kr. eða 60 millj. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Höfð er hliðsjón af álögðum skatti 1962, svo og því, að gera má ráð fyrir nokkurri tekjuhækkun vegna kauphækkana, sem orðið hafa, svo og hinnar góðu sildveiði.
2. *Vörumagnstollur* er áætlaður 40 millj. kr. eða 7 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Höfð er m. a. hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs.
3. *Verðtollur* er áætlaður 557 millj. kr. Er það 118.9 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Er það miðað við reynslu þá, sem af er þessu ári, en hún bendir m. a. til þess, að samsetning innflutnings sé nokkru hagstæðari, hvað tolltekjur snertir, en verið hefur. Þá er og þess að geta, að með lögum nr. 90 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, var vörumagnstollur og innflutningsgjald fellt niður á þeim vörum, sem lögin taka til, en verðtollur einn settur í staðinn. Hækkar hann þá nokkuð á flestum vörutegundum, þótt að öðru leyti sé um verulega lækkun heildargjalda að ræða.
4. *Innflutningsgjald* af benzíni er áætlað 63.0 millj. kr. í stað 58.0 í fjárlögum nú.
5. *Gjald af innlendum tollvörum* er áætlað 41.0 millj. kr., en það er 1.7 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.
6. *Lestagjald af skipum* er áætlað óbreytt, 1.0 millj. kr.
7. *Bifreiðaskattur* er áætlaður 22.0 millj. kr., en það er 2.0 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
8. *Aukatekjur* eru áætlaðar 28.0 millj. kr. eða 2.0 millj. hærra en í gildandi fjárlögum.
9. *Stimpilgjald* er óbreytt 43.0 millj. kr.
10. *Vitagjald* er óbreytt 3.0 millj. kr.
11. *Söluskattur* af innfluttum vörum (7%) er áætlaður 227 millj. kr. eða 50.2 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands (3%) er áætlaður 247.6 millj. kr., en það er 32.6 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Loks er bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) áætlaður 259.4 millj. kr. eða 57.4 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú. Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar úr 83.4 millj. kr. í 101.4 millj. kr.
12. *Innflutningsgjald* er með hliðsjón af reynslu í ár áætlað 125 millj. kr. eða 20 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
13. *Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960* er áætlað 57 millj. kr. eða 12 millj. kr. hærra en í fjárlögum 1962. Hefur bifreiðainnflutningur nú verið frjálur um skeið, og bendir reynslan til þess að tekjur af gjaldi þessu fari heldur vaxandi.
14. *Hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna* er áætlaður 18 millj. kr. í stað 15 í fjárlögum nú.

#### Um 3. gr. A.

Breyting verður á 3. gr. A, því að ein stofnun, sem þar hefur verið, Áburðarsala ríkisins, hefur verið lögð niður.

1. *Póstur og sími.* Áætlað er, að tekjur stofnunarinnar hrökkvi fyrir gjöldum eins og gert var ráð fyrir í þessa árs fjárlögum. Heildarupphæð tekna og gjalda hækkar um 20.4 millj. kr., aðallega vegna aukinna viðskipta.

2. *Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.* Sala að frádregnum söluskatti og afslætti hækkar um 31 722 þús. kr.

Framleiðslukostnaður hækkar um 11.3 millj. kr., en skrifstofukostnaður lækkar um 1.1 millj. kr. Nettó-hagnaður hækkar um 20 500 þús. kr. Stafar það að mestu af verðhækkun þeirri, sem gerð var á áfengi og tóbaki á yfirstandandi ári.

3. *Ríkisútvarpið.* Gjöld hækka um 718 þús. kr., þar af hækkar kostnaður vegna höfundarlaga um 300 þús. kr. vegna nýrra samninga við Stef og Rithöfundasambandið. Laun og aukavinna hækkar um 270 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 120 þús. kr. Aðrar tekjur en afnotagjöld lækka um 500 þús. kr. Til framkvæmda-sjóðs er áætlað 1.6 millj. kr., sem er lækkun um 400 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

#### Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar 75 þús. kr., eða óbreyttar frá fjárlögum þessa árs.

#### Um 7. gr.

Erlend lán ríkissjóðs hafa nú verið borguð upp, en

vextir af innlendum lánum ríkissjóðs eru taldir kr. 10 777 151  
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum ..... — 160 935

kr. 10 616 216

er það 1 432 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

#### Innlend lán.

Vextir:	Afborganir:	
7. grein 1.	20. gr. út I.	
kr.	kr.	
72 000	400 000	Innanríkislán 1941.
15 750	150 000	Innanríkislán 1944.
1 400	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokks-eyri.
37 416	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (B-flokkur).
1 089	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
2 834	1 242	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna bústaðar sakadómara.
132 000	400 000	Lán hjá Landsb. Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
8 250	13 750	Lán hjá Útvegsb. Íslands vegna jarðarinnar Drangsnæs.
470 535	953 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna gullframlags til Alþjóðabankans 1960.
135 976	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
79 200	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
2 900	58 000	Lán vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
10 780	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.

Vextir:	Afborganir:	
7. grein 1.	20. gr. út I.	
kr.	kr.	
3 483	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
12 133	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
46 429	714 286	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarskóla og fávitahælis í Kópavogi.
48 750	250 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1957 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
93 438	287 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1958 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
40 625	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1959 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
202 500	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1960 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
1 476 705	2 343 976	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Lánadeildar smábúða.
2 709 000	4 500 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna smíði tíu togara.
218 750	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
190 000	250 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000	125 000	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000	142 857	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000	142 857	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
1 202 708	4 166 667	Lán hjá Almenna byggingarfélaginu vegna kaupa á Borgartúni 7.
40 000	62 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1962 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
190 000	250 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
47 500	62 500	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
1 500 000		Vextir vegna yfirdráttarskulda.

10 777 151	20 159 062
÷ 160 935	÷ 34 355

---

10 616 216	20 124 707
------------	------------

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta):

- |   |               |
|---|---------------|
| 1. Vextir af stofnlánum vegna togara .....  | kr. 91 050.00 |
| 2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta .. | — 46 356.00   |

---

Samtals kr. 137 406.00

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 23 529.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir ..... kr. 160 935.00  
Afborganir .. — 34 355.00

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður hækkar um 1 430 þús. kr. samkvæmt áætlun skrifstofustjóra Alþingis. Til yfirskoðunar ríkisreikninga hækkar um 80 þús. kr., en þessi liður hefur verið of lágt áætlaður á undanförunum árum.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið*. Í utanríkisráðuneytinu er fjölgað um bókara en fækkað um einn fulltrúa. Í félagsmálaráðuneytinu er fækkað um einn fulltrúa. Í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins verður fulltrúi deildarstjóri. Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu verður fulltrúi deildarstjóri. Í viðskiptamálaráðuneytinu verður fulltrúi deildarstjóri og ritari verður bókari. Í atvinnumálaráðuneytinu verður fulltrúi deildarstjóri. Í ríkisbókhaldi er bætt við bókara og bókari kemur í stað ritara. Fjölgað er um einn fulltrúa á Hagstofunni.

Ríkisstjórnin, Framkvæmdabanki Íslands og Seðlabanki Íslands hafa gert með sér samning um að setja á fót stofnun, sem nefnist Efnahagsstofnunin. Hlutverk hennar er einkum að undirbúa framkvæmdaáætlanir fyrir ríkisstjórnina og semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn. Jafnframt þessu var Efnahagsmálaráðuneytið lagt niður og hagdeild Framkvæmdabankans flutt til hinnar nýju stofnunar. Kostnaður við Efnahagsstofnunina skiptist jafnt milli samningsaðilja, og er hlutur ríkissjóðs áætlaður kr. 800 þús. á árinu 1963.

Liðurinn aðrir starfsmenn hækkar um 883 þús. kr. Liður þessi hefur mörg undanfarin ár reynzt allt of lágt áætlaður, og þykir rétt að leiðrétta hann nú.

Gert er ráð fyrir nýjum lið, kostnaði við kjarasamninga, 350 þús. kr. Það er augljóst mál, að væntanlegir kjarasamningar við samtök opinberra starfsmanna munu hafa nokkurn kostnað í för með sér, sem erfitt er að áætla nákvæmlega á þessu stigi.

## II. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn*. Laun hækka um 134 þús. kr. vegna aukinnar dýrtíðar í Danmörku. Annar kostnaður hækkar um 48 þús. kr. af sömu ástæðum.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi*. Laun hækka um 57 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London*. Laun hækka um 15 þús. kr. en annar kostnaður lækkar um 86 þús. kr.

4. *Sendiráðið í Washington*. Laun hækka um 240 þús. kr., en þau hafa staðið óbreytt um árabíl þrátt fyrir vaxandi dýrtíð í Bandaríkjunum.

5. *Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD*. Laun lækka um 47 þús. kr. og annar kostnaður um 143 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Osló*. Laun hækka um 85 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 89 þús. kr.

7. *Sendiráðið í Bonn*. Laun lækka um 12 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 118 þús. kr.

8. *Sendiráðið í Moskva*. Annar kostnaður hækkar um 49 þús. kr.

*Ræðismannsskrifstofan í Hamborg* hefur verið lögð niður.

## III. *Tillög til ýmissa alþjóðastofnana.*

3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna hækkar um 135 þús. kr., en framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna, 909 þús. kr. í þessa árs fjárlögum, fellur niður.

4. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna hækkar um 81 þús. kr.

5. Tillag til Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hækkar um 241 þús. kr. Í tillaginu er innifalið tillag til Kjarnfræðistofnunar Evrópu, tillag til menntastofnunar OECD og tillag til framleiðniráðs Evrópu (EPA).
6. Tillag til Evrópuráðsins hækkar um 40 þús. kr.
8. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO) hækkar um 163 þús. kr.
15. Framlag til hinnar Alþjóðlegu framfarastofnunar lækkar um 270 þús. kr.
17. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar lækkar um 143 þús. kr.
20. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar, kr. 28 500, er nýr liður.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur*. Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 77 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 74 þús. kr. Til bókaokaupa og ljósprentunar á II. bindi hæstaréttardóma, 300 þús. kr., eru nýir liðir.
2. *Saksóknaraembætti ríkisins*. Bætt er við sakaskrárritara. Annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.
3. *Borgardómaraembættið*. Laun hækka um kr. 112 731.00 vegna almennra launahækkana svo og þess, að 5 af fulltrúum borgardómara hafa samkvæmt nýjum lögum fengið starfsheitið „borgardómarar“ og taka nú laun í IV. launaflokki. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.
4. *Borgarfógetaembættið*. Bætt er við einum fulltrúa.
5. *Sakadómaraembættið*. Bætt er við innheimtustjóra, en fækkað um einn ritara. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 125 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.
6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík*. Fækkað er um einn aðstoðarmann. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 25 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um sömu upphæð.
8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Bætt er við einum fulltrúa og einum ritara í Hafnarfirði og einum ritara á Akureyri. Fækkað er um ritara á Sauðárkróki og Siglufirði. Annar kostnaður vex um 900 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar áður. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 200 þús. kr.
9. *Laun hreppstjóra* hækka um 54 þús. kr.
10. *Lögreglukostnaður*:
  - a. *Ríkislögregla í Reykjavík*. Álag á næturvinnu, aukavinna o. fl. hækkar um 140 þús. kr. Bifreiðakostnaður lækkar um 69 þús. kr. Fjarskiptapjónusta er nýr liður, 100 þús. kr.
  - b. *Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli*. Laun voru lækkuð um 300 þús. kr. í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir 1962 vegna fækkunar um þrjú lögreglumenn. Þessi lækkun á launalið reyndist af misgáningi of mikil, og hækka því laun um 139 þús. kr. Fæðisstyrkur hækkar um 148 þús. kr.
  - c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Laun lækka um 94 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar í fjárlögum 1962.
11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla*.
  - b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni*. Aukavinna hækkar um 170 þús. kr. Áhættuþóknun 63 900 kr. er nýr liður. Annar kostnaður lækkar um 160 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 140 þús. kr. lægri en áður vegna of hárrar áætlunar.
  - c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík*. Kostnaður ríkissjóðs vegna fangageymslunnar vex um 12 þús. kr.
13. *Málskostnaður* hækkar um 200 þús. kr. Hins vegar er áætlað, að endurgreiddur málskostnaður vaxi um 150 þús. kr., þannig að liðurinn hækkar um 50 þús. kr. frá fjárlögum 1962.
19. *Til útgáfu norræns dómasafns* hækkar um 15 þús. kr.



20. *Til útgáfu lagasafns.* Þetta er nýr liður að upphæð 400 þús. kr. Talið er að ekki verði lengur hjá því komið að hefja nýja útgáfu lagasafnsins. Áætlað er að heildarkostnaður við útgáfuna verði 1 250 þús. kr.

21. *Til almannavarna.* Þessi liður er á 17. gr. V. 22. í fjárlögum 1962, en þykir eiga betur heima á 11. gr. A. Upphæðin er óbreytt eða ein milljón króna.

22. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* lækkar um 4 900 þús. kr. Kostnaðurinn lækkar einkum vegna þess, að lokið er flokkun á „Ægi“, en kostnaður við hana var áætlaður 3.5 millj. kr. í fjárlögum 1962. Þá er ekki gert ráð fyrir því, að Gautur verði notaður á árinu 1963, og því ekki áætlað fé til útgerðar hans. Sparast við það 2 650 þús. kr. Gert er ráð fyrir 12 ára flokkun á „Þór“, og hækkar kostnaðurinn við hann um 465 þús. kr. Kostnaður við ýmsa gæzlu hækkar um 1 090 þús. kr.

23. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 352 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

24. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Laun hækka um 38 þús. kr., aðallega vegna þess, að gert er ráð fyrir launum tveggja eftirlitsmanna, en í fjárlögum 1962 er gert ráð fyrir 1½ launum.

25. *Húsameistari ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur lækka um 50 þús. kr., en þær hafa reynzt of hátt áætlaðar undanfarið.

#### Um 11. gr. B.

##### I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Vegna breytingar á innheimtu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 68/1962, lækka útgjöld ríkisins vegna embættisins mjög verulega. Laun lækka um 1.6 millj. kr. vegna fækkunar um 23 starfsmenn, og lausavinna, 795 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður, en lausráðnir starfsmenn voru 11. Alls er því fækkað um 34 starfsmenn. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 20 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld um 26 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 744 þús. kr.

b. 1. *Tollgæzla.* Einn varðstjóri er gerður að yfirtollverði og 6 tollverðir eru gerðir að varðstjórum. Álag á næturvinnu hækkar um 27 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 67 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 99 þús. kr.

2. *Á Keflavíkurflugvelli.* Þrír tollverðir eru gerðir að varðstjórum. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 9 þús. kr. Fæðisstyrkur tollvarða hækkar um 51 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 112 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar.* Bætt er við hálfum launum tollvarðar, sem áður var jafnframt ríkislögregluþjónn.

II. *Kostnaður við ríkisskattanevnd og skattstofur* er áætlaður óbreyttur frá því, sem er í fjárlögum nú. Skipting landsins í skattumdæmi samkvæmt V. kafla laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, kom til framkvæmda 1. október 1962. Ríkisskattstjórinn vinnur nú að nauðsynlegum undirbúningi hins nýja kerfis. Enn eru ekki fyrir hendi sundurliðaðar tillögur um áætlaðan kostnað við skattstörfin í hverju hinna nýju umdæma fyrir sig. Vætanlega verður hægt við meðferð frumvarpsins á Alþingi að sundurliða þennan kostnað nánar og áætla hann endanlega.

III. *Kostnaður við fasteignamat.* Þessi liður kemur í stað millimatskostnaðar í þessa árs fjárlögum og hækkar um 2 725 þús. kr. Sú hækkun stafar af því, að nú er að hefjast aðalmat fasteigna samkvæmt lögum og búast má við því, að á næsta ári hafi þau störf veruleg útgjöld í för með sér.

Liðurinn eftirlit með sparisjóðum fellur nú niður, þar eð þetta eftirlit hefur verið falið Seðlabankanum.

V. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 9 þús. kr.

VII. *Innheimtustofnun*. Í samræmi við ákvæði laga nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda hafa ríkissjóður, borgarsjóður Reykjavíkur og Sjúkrasamlag Reykjavíkur komið á fót sameiginlegri innheimtustofnun (Gjaldheimtan). Ríkissjóður greiðir samkvæmt samningi fyrsta starfsárið 42.5% af kostnaði þessarar stofnunar, og nemur sú upphæð samkvæmt áætlun forráðamanna stofnunarinnar 1 650 þús. kr.

Um 12. gr.

II. *Héraðslæknar*. Gert er ráð fyrir launum til 63 héraðslækna, þar af 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, og er það óbreytt tala frá því sem verið hefur.

IV. *Ríkisspítalar*. Rekstrarhalli ríkisspítalanna lækkar um 795 þús. kr.

A. *Landsspítali*. Gert er ráð fyrir, að starfsliði fjölgi um sérfræðing við röntgendeild, námskandidat og lyfjafræðing með hálfum launum. Áætlað var, að stækkun barnadeildar kæmi til framkvæmda 1. okt. 1962, og var í þessa árs fjárlögum gert ráð fyrir launum til nýs starfsfólks við barnadeild, alls 26 að tölu. Úr þessu verður ekki á þessu ári, en áætlað að aukningin komi til framkvæmda 1. september 1963. Er því gert ráð fyrir launum til hins nýja starfsfólks frá þeim tíma. Matvörur hækka um 324 þús. kr. og kostnaður við Ljósmeðraskólann hækkar um 52 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 1 422 þús. kr., einkum vegna þess, að felld er nú niður fjárveiting til kaupa á tækjum í viðbyggingu, þar eð eðlilegra þykir að slíkur kostnaður teljist til stofnkostnaðar og greiðist sem slíkur. Tekjur hækka um 1 450 þús. kr. og er miðað við 180 kr. daggjald, en það er 20 kr. herra en í fjárlögum nú. Rekstrarhalli hækkar um 325 þús. kr. frá því sem er í fjárlögum í ár.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans*. Bætt er við barnalækni með hluta úr launum og skurðstofuhjúkrunarkonu. Matvörur hækka um 43 þús. kr. og annar kostnaður um 210 þús. kr. Tekjur hækka um 700 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 21 þús. kr.

C. *Hjúkrunarskóli Íslands*. Miðað er við óbreytt starfslið. Fæðiskostnaður hækkar um 39 þús. kr. og annar kostnaður um 43 þús. kr. Tekjur hækka um 30 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum*. Starfsfólki fjölgar um rannsóknarkonu og sérfræðing í röntgenlækningum með hluta úr launum. Matvörur hækka um 61 þús. kr. og annar kostnaður um 332 þús. kr., og er þá m. a. gert ráð fyrir  $\frac{1}{6}$  kostnaðar af lagningu skolpveitu frá hælínu til sjávar, sem áætlað er að kosti 1 070 þús. kr. Tekjur hækka um 1 098 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 181 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi*. Gert er ráð fyrir, að deildarlæknir, sem starfaði hálf t. árið, starfi nú allt árið 1963, og hækka laun við það um 50 þús. kr. Matvörur hækka um 76 þús. kr. og annar kostnaður um 112 þús. kr. Tekjur hækka um 240 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 93 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi*. Starfsfólki fjölgar um yfirlækni með hálfum launum og sjúkrakennara. Matvörur hækka um 18 þús. kr. og annar kostnaður um 162 þús. kr. Tekjur hækka um 1 600 þús. kr. og er reiknað með 130 kr. daggjaldi. Rekstrarhalli lækkar um 941 þús. kr.

G. *Holdsvæikraspítalinn í Kópavogi*. Matvörur lækka um 16 þús. kr. og annar kostnaður um 7 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 49 þús. kr.

H. *Fávítahælið í Kópavogi*. Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 48 þús. kr., en annar kostnaður um 365 þús. kr. Tekjur hækka um 778 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 256 þús. kr.

I. *Blóðbankinn*. Annar kostnaður hækkar um 42 þús. kr. og tekjur um 90 þús. kr. Rekstrarhalli er óbreyttur.

V. *Rannsóknarstofa háskólans*. Bætt er við einum deildarlækni frá 1. júlí

1963. Annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr. Rekstrarhalli er óbreyttur frá fjárlögum nú, þar eð tekjuáætlun er hækkuð um 380 þús. kr.

VII. b. Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík 1950 þús. kr. er nýr liður. Hér er um að ræða greiðslu af lánnum vegna byggingar spítalans, en hann á nú í miklum fjárhagsörðugleikum.

XIX. *Kostnaður vegna eyðingar á rottum* hækkar um 50 þús. kr.

XXVI. Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hækkar um 117 þús. kr.

XXVIII. Til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 100 þús. kr. er nýr liður.

#### Um 13. gr. A.

II. *Þjóðvegir*. Vegaviðhald hækkar um 5 millj. kr. Framlag til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna hækkar um 37 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar áður. Gjöld samkv. lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna, lækka um 40 þús. kr.

Til kaupa á sovézkum vélum af Hafnarfjarðarbæ 970 þús. kr. er nýr liður.

#### Um 13. gr. B.

III. Ákveðið er, að byggðir verði nýir flóabátar, fyrir farsvæði Djúp-  
báts og Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts).

Áætlaður byggingarkostnaður hvors báts er 7 millj. kr., og er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 50% byggingarkostnaðar.

Við undirritun smíðasamnings er gert ráð fyrir að greidd verði 1 millj. kr. af framlagi ríkissjóðs til hvors báts, og 750 þús. kr. til hvors báts árið 1963. Alls nemur því þessi liður 3.5 millj. kr. árið 1963.

Síðan er gert ráð fyrir 250 þús. kr. árlegri fjárveitingu til greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs, unz greidd hafa verið 50% byggingarkostnaðar.

#### Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála*. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 25 þús. kr. Ferðakostnaður og fæðispeningar hækka um 15 þús. kr.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna* lækkar um 300 þús. kr., vegna þess að gert er ráð fyrir að vitaskipið hafi nokkrar tekjur.

V. Viðhald og endurbætur vitanna hækkar um 50 þús. kr.

VII. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 3.2 millj. kr.

IX. *Framlag til hafnarbótasjóðs* er 4.5 millj. kr., og er í því fólgið auk lögboðins framlags 1 millj. kr., sem ætlaðar eru Bolungarvíkurhöfn sérstaklega, vegna skemmda, sem urðu á hafnarmannvirkjum 1959—60.

X. Nýr liður.

#### Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála*. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustunnar hækkar um 615 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur*:

2. *Slökkviliðsdeild*. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Aukavinna hækkar um 7 þús. kr. og álag á næturvinnu og áhættuþóknun um sömu upphæð.

3. *Vélaverkstæði*. Laun vélvirkja og tímakaupsmanna hækkar um 35 þús. kr. og aukavinna um 5 þús. kr.

4. *Trésmiðaverkstæði*. Laun trésmiða og aðstoðarmanna hækka um 39 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr.

5. *Verklegar framkvæmdir*. Laun verkamanna hækka um 49 þús. kr. Efni og aðkeypt vinna hækkar um 150 þús. kr. og malbikun flugbrauta um 100 þús. kr.

6. *Rafmagnsverkstæði*. Rafvirki, sem verið hefur lausráðinn, er nú fast-ráðinn.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 300 þús. kr. Á móti koma tekjur af raforkusölu til flugfélaganna og olíufélaganna, sem starfa á flugvælinum. Þessar tekjur hafa ekki verið áætlaðar áður í fjárlögum, en eru nú áætlaðar 450 þús. kr., þannig að liðurinn lækkar um 150 þús. kr. nettó.

III. *Keflavíkurflugvöllur*. Sú breyting hefur orðið á rekstri Keflavíkurflugvallar, að Loftleiðir h.f. hafa tekið að sér þann rekstur, sem féll undir Flugumsjónardeild og Flugvirkjadeild, en kostnaður við þessar deildir er áætlaður 6.3 millj. kr. samtals í fjárlögum 1962. Tekjur ríkissjóðs af vælinum minnka hins vegar allmikið við þetta, þó verður nettó-sparnaður ríkissjóðs vegna þessarar ráðstöfunar væntanlega um 2 millj. króna á árinu 1963.

1. *Skrifstofukostnaður*. Annar kostnaður hækkar um 27 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn*. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

3. *Radíódeild*. Yfirvinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 17 þús. kr.

4. *Tryggingagjöld* lækka um 71 þús. kr. vegna fækkunar starfsmanna.

5. *Viðhald húsa og rafstöðva* hækkar um 14 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvællir*. Framkvæmdastjórn hækkar um 40 þús. kr. Egilsstaðaflugvöllur hækkar um 20 þús. kr. Vestmannaeyjaflugvöllur lækkar um 45 þús. kr. Sauðárkróksflugvöllur lækkar um 40 þús. kr. Ísafjarðarflugvöllur lækkar um 174 þús. kr. Ýmsir flugvællir hækka um 60 þús. kr., og snjómokstur hækkar um 50 þús. kr. Liðurinn í heild lækkar um 129 þús. kr.

V. *Flugóryggisþjónustan*:

B. *Flugumferðarstjórn*:

1. *Upplýsingaþjónustan*. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn*, Akureyri. Fækkað er um einn varðstjóra. Aukavinna hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 6 þús. kr.

4. *Flugumferðarstjórn*, Vestmannaeyjum. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn*, Egilsstöðum. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr.

C. *Flugfarskiptistöðvar og radióvitar*:

2. *Viðhald stöðvanna*:

A. *Radíóverkstæði*, Reykjavík. Efni og varahlutir hækka um 130 þús. kr. Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Seld vinna og efni hækkar um 275 þús. kr.

B. *Radíóverkstæði*, Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 35 þús. kr. Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Selt efni og vinna hækkar um 128 þús. kr.

C. *Radíóverkstæði*, Egilsstöðum. Efni og varahlutir hækka um 20 þús. kr. Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Seld vinna og efni hefur ekki verið áætlað áður sem tekjuliður, en er nú áætlað 123 500 kr.

3. *Rekstur stöðvanna* hækkar um 900 þús. kr. og alþjóðlegt framlag til rekstrar þeirra um 307 þús. kr.

IX. *Loftferðaæftirlit*. Tekjur lækka um 5 þús. kr.

X. *Alþjóðaflugþjónustan*. Flugumferðarstjórn hækkar um 8.5 millj. kr., aðallega vegna leigu á sæsímastreng. Fjarskiptaþjónustan hækkar um 476 þús. kr. Veðurþjónustan hækkar um 2.2 millj. kr., vegna veðurathugana í háloftunum, en sá kostnaður var áður greiddur af varnarliðinu á Keflavíkurflugvælli. Alþjóðaflugmálastofnunin greiðir um 92% af kostnaði við alþjóðaflugþjónustuna. Hækkun á framlagi Íslands til hennar verður því aðeins 717 þús. kr.

Tekjur af Keflavíkurflugvælli lækka um 6 450 þús. kr., þar af um 2 millj. kr. vegna of hárrar áætlunar, en að öðru leyti vegna yfirtöku Loftleiða h.f. á rekstri þeim, sem féll undir Flugumsjónar- og Flugvirkjadeild. Tekjur af öðrum flugvællum lækka um 100 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta:*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.  
B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna og næturálag hækkar um 5 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 83 þús. kr.

E. *Áhaldadeild.* Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Aukavinna hækkar um eitt þúsund kr. Jarðskjálftamælingar utan Reykjavíkur hækka um 37 þús. kr. vegna aukinnar gæzlu nýrra mæla á Akureyri. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 108 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra svo til óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Rekstrarhalli verður 350 þús. kr.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Þóknun skipaskoðunarmanna hækkar um 50 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr.

III. *Stjrimannaskólinn.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 10 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður hækkar um 82 þús. kr. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla.* Þessi liður er nú sundurliðaður í frumvarpinu, í fyrsta sinn. Hann lækkar um 39 þús. kr. frá fjárlögum 1962.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar:*

1. *Sjómælingar.* Mælingavinna hækkar um 5 þús. kr. Útgerð sjómælingabáts hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

2. *Sjókortagerð.* Prentun hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Tekjur hækka um 50 þús. kr.

X. *Til gistihúsasjóðs,* 1 millj. kr., er nýr liður. Í undirbúningi er löggjöf um þessi mál, og er ætlað til þess, að fé úr sjóðnum verði varið til endurbóta á gistihúsnæði í landinu.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Teknar eru óbreyttar tillögur háskólarektors og menntamálaráðuneytisins. Hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs er tæplega 1 460 þús. kr., og stafar hún í höfuðdráttum af því að upp eru teknir eftirfarandi nýir liðir: Námskeið fyrir norræna stúdenta 150 þús. kr., til frjálsrar rannsóknarstarfsemi 150 þús. kr., orlof háskólakennara 150 þús. kr., til sérlestrarherbergja stúdenta 150 þús. kr., til félagsstarfsemi stúdenta 70 þús. kr. Þá hækka þessir liðir sem hér segir: Til bókakaupa um 100 þús. kr., stundakennsla um 104 þús. kr., til tannlækningastofu um 72 þús. kr., til kennslu í lyfjafræði lyfsala um 78 þús. kr., fasteignagjöld og tryggingar um 55 þús. kr. og ýmis útgjöld um 234 þús. kr., en í þeim lið er m. a. falin fjárveiting til árbókar Háskólans 120 þús. kr.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Bætt er við einni aðstoðarstúlku. Annar kostnaður hækkar um 94 þús. kr. og tekjur hækka um 495 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 324 þús. kr.

c. *Handritastofnun Íslands.* Stofnunin tekur við störfum útgáfunefndar handrita, en til hennar eru veittar í gildandi fjárlögum (14. gr. B. XII. 3) 100 þús. kr.

Þá eru og veittar í fjárlögum 1962 510 þús. kr. til handritastofnunar við Háskóla Íslands. Hækkun á þessum lið verður því 115 þús. kr.

d. *Til eðlisfræðirannsókna* hækkar um 38 þús. kr. Þessi liður er á 14. gr. A. I. 14 í fjárlögum þessa árs.

II. *Til styrktar islenskum námsmönnum* hækkar um 731 þús. kr., vegna fjölgunar 5 ára styrkja og vegna námsmannafjölgunar.

III. *Fræðslumálastjóraembættið*. Starfslið er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 227 þús. kr., nær eingöngu vegna flutnings embættisins í dýrara húsnæði.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Kennurum fjölga um fimm vegna nemendafjölgunar, og er þá gert ráð fyrir fullri tölu kennara. Af þeim sökum lækkar stundakennsla um 253 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 17 þús. kr. og prófkostnaður um 9 þús. kr. Viðhaldskostnaður hækkar um 31 þús. kr. og annar kostnaður um 18 þús. kr.

Þá er nýr liður, húsaleiga 120 þús. kr., vegna leiguhúsnæðis skólans í Þrúðvangi.

V. *Menntaskólinn á Akureyri*. Fjölgað er um einn kennara, en niður fellur hluti af launum vegna söngkennslu. Stundakennsla hækkar um 130 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 23 þús. kr. Viðhaldskostnaður hækkar um 70 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr., aðallega vegna ráðningar skrifstofustúlku.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Tala kennara er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 28 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn*. Fjölgað er um einn kennara og enn fremur um húsvörð, vegna flutnings í hið nýja hús skólans. Stundakennsla hækkar um 76 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 164 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. og húsnæði utan skólans er nýr liður 60 þús. kr., en þar er um að ræða leigu eftir fimleikahús.

2. *Handiðadeild Kennaraskólans*. Stundakennsla lækkar um 5 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 82 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr. og viðhaldskostnaður 50 þús. kr. er nýtt, en nauðsynlegt er talið að framkvæma viðgerð á gamla kennaraskólahúsinu, sem deildin flyzt nú í.

VIII. *Vélskólinn*. Fækkað er um einn kennara, en stundakennsla hækkar um 59 þús. kr., prófkostnaður um 3 þús. kr. og verkleg kennsla um 3 þús. kr.

#### IX. *Iðnfræðsla*.

1. *Iðnskólinn í Reykjavík*. Tala kennara er óbreytt, en stundakennsla hækkar um 23 þús. kr. og annar kostnaður um 99 þús. kr.

2. *Iðnskólar utan Reykjavíkur*. Stundakennsla og annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

3. *Listiðnaðardeild Handiðaskólans*. Stundakennsla og annar kostnaður hækkar um 195 þús. kr., vegna aukinnar kennslu og of lágrar áætlunar undanfarið.

X. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslu hækka alls um 6 790 þús. kr. frá fjárlögum 1962. Laun kennara hækka um tæpar 2 400 þús. kr., en gert er ráð fyrir að kennurum fjölgi um 27 vegna nemendafjölgunar. Laun ráðskvenna hækka um 226 þús. kr., vegna fjölgunar og lengingar á starfstíma sumra skóla. Kostnaður vegna stundakennslu, tví- og þrískipunar í skólahúsnæði, hækkar um 1 270 þús. kr., bæði vegna nemendafjölgunar og hækkaðs kaups vegna tíma-kennslu, heimavinnu og umsjónar. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 838 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 181 þús. kr., en framlag til byggingar barnaskóla lækkar um 80 þús. kr.

XI. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunar hækka alls um 6 901 þús. kr. Kennurum fjölga um 29 og laun hækka um 3 091 þús. kr.

Stundakennsla, umsjón og tví- og þrískipun í skólahúsnæði hækkar um 1 477 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 309 þús. kr. Hækkun á rekstrar-kostnaði gagnfræðaskóla stafar m. a. af breyttu fyrirkomulagi á rekstri héraðs-

skóla. Nýr liður er á greininni, 45 þús. kr. til sérfræðilegs ráðunauts um meðferð á skólanemendum með bæklun eða burðargalla. Með lögum frá síðasta Alþingi, nr. 34/1962, er ákveðið að heimavistarskólar gagnfræðastigsins (þ. e. héraðsskólar), sem nú eru reknir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skuli vera séreign ríkisins frá 1. janúar 1962, ef hlutaðeigandi sýslufélög óska þess. Skulu sýslufélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna eins og þær eru í árslok 1961. Hér er gert ráð fyrir, að allir héraðsskólarnir notfæri sér umrædda lagaheimild og verði að öllu leyti reknir af ríkissjóði. Vegna þess að ríkissjóður tekur nú einnig að sér rekstur héraðsskólanna í stað þess, að hlutaðeigandi sýslufélög hafa staðið undir kostnaðinum og fengið hluta ríkissjóðs greiddan eftir á, verður í fjárlögum 1963 að gera ráð fyrir fé til alls rekstrarkostnaðarins fyrir bæði árin 1962 og 1963.

Liðurinn til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara hækkar um 25 þús. kr. Liðurinn til lagfæringar á húsnæði heimavistarskóla vegna gistihúshalds, 1 millj. kr., er nýr liður. Á s. l. sumri var ákveðið að verja nokkurri fjárhæð til þess að gera vissar endurbætur á húsnæði og húsbúnaði nokkurra skóla, til þess að þeir gætu orðið sem hæfastir til notkunar sem gistihús að sumrinu til. Fjármálaeftirlitsmanni skóla var í samráði við sérfróða menn falið að gera áætlun um kostnað er af þessu hlytist, og reyndist sú áætlun vera 3 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að kostnaður þessi verði greiddur á 3 árum, 1 millj. kr. á ári, og er hér gert ráð fyrir fyrstu greiðslunni.

XII. Stofnkostnaðarframlag vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, er fullsmíðaðir voru 1954, lækkar um 752 þús. kr.

XIV. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskólinn.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 6 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 8 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 9 þús. kr. Kostnaður við námsdvöl að Laugarvatni, nú kr. 30 þús., er í fjárlögum annað hvert ár.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum.* Tala kennara er óbreytt. Stundakennsla, viðhald og annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

XV. 1. *Íþróttakennaraskóli ríkisins.* Til viðhalds á íþróttahúsi lækkar um 9 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

3. Framlag til Íþróttasambands Íslands hækkar um 80 þús. kr.

XVI. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Til áhaldakaupa hækkar um 25 þús. kr. og inn kemur nýr liður til viðhalds á skólahúsi 40 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 51 þús. kr.

XVIII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 10 þús. kr.

XXV. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 48 þús. kr.

XXXIII. *Námsstjórar.* Annar kostnaður námsstjóra hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður fræðslustjórans í Reykjavík hækkar um 26 þús. kr.

XXXIV. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 24 þús. kr.

XXXVI. *Til upptökuheimilisins í Elliðahvammum.* Áætlað er að rekstrarhalli upptökuheimilisins hækki um 20 þús. kr.

Um 14. gr. B

I. *Landsbókasafnið.* Laun lækka um 66 þús. kr. vegna þess að aðstoðarbókavörður, sem starfað hefur við safnið undanfarin ár, hefur hætt störfum og ekki verið ráðinn nýr maður í hans stað. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa og bókbands hækkar um 50 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala hækkar um 10 þús. kr. Ýmisleg útgjöld hækka um 8 þús. kr.

Til æviskrárritunar lækkar um 15 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið*. Til rannsókna og ferðalaga hækkar um 5 þús. kr. Til endurbóta á skrifstofu er nýr liður að upphæð 50 þús. kr.

12. Til byggðasafna 100 þús. kr. er nýr liður.

13. Til að minnast 100 ára afmælis Þjóðminjasafnsins 100 þús. kr. er nýr liður. Til aðstoðar hækkar um 40 þús. kr.

V. *Náttúrugripasafnið*. Laun hækka um 102 þús. kr., þar af um 93 þús. kr. vegna ráðningar nýs sérfræðings að safninu. Til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 5 þús. kr. Styrkur til Eyþórs Einarssonar til að gera kort af útbreiðslu íslenzkra háplöntutegunda, að upphæð 8 þús. kr., er nýr liður. Hiti, ljós og ræsting og önnur gjöld lækka um 15 þús. kr.

X. *Safnahúsið*. Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 11 þús. kr. Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 12 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 10 þús. kr.

XI. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn*. Til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 15 þús. kr., og til bókasafna skóla og annarra opinberra stofnana hækkar um sömu upphæð.

XII. *Styrkur til bókaútgáfu o. fl.* Til héraðsskjalasafna samkvæmt lögum nr. 7/1947 hækkar um 30 þús. kr. Til greiðslu kostnaðar við norrænu menningarmálanefndina hækkar um 20 þús. kr. Til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hækkar um 10 þús. kr. Til norræns blaðamannanámskeiðs í Árósum hækkar um 10 þús. kr.

20. *Til samningar íslenzkrar orðabókar* hækkar um 100 þús. kr.

XIII. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækkar um 284 þús. kr.

XVIII. *Styrkur til Myndlistarskólans í Reykjavík* hækkar um 30 þús. kr.

XLIV. *Til tónlistarstarfsemi*. Til tónlistarskólans, laun skólastjóra og kennara, hækkar um 116 þús. kr. Hækkunin stafar af því að bætt er við söngkennara í kennaradeild skólans allt árið 1963 og annar til viðbótar tekur til starfa 1. sept. 1963.

Á móti þessari hækkun er felld niður fjárveiting til Tónlistarskólans í Reykjavík, til söngkennslu 40 þús. kr.

26. Nýr liður. Rétt hefur þótt að taka upp nýjan lið til tónlistarskólanna vegna hljóðfærakaupa o. fl. 200 þús. kr., en fjármál þeirra eru nú í athugun hjá menntamálaráðuneyti.

LXVIII. *Til Listasafns Einars Jónssonar*. Til ljósa og hitunar hækkar um 12 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 8 þús. kr.

LXX. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga* hækkar um 3500 kr. Liðurinn er nú sundurliðaður í frumvarpinu.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið*. Ljós og hiti í biskupsbústaðnum hækkar um 10 þús. kr. og ferðakostnaður biskups um 15 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta*. Laun hækka um 335 þús. kr. Vegna fyrirhugaðrar fjölgunar presta um 5 í Reykjavík hækka laun um 408 þús. kr., en hins vegar hækka launin í heild minna vegna of hárrar áætlunar áður. Embættiskostnaður presta hækkar um 100 þús. kr. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum, hækkar um 15 þús. kr. Til greiðslu á embættisbúnaði presta hækkar um 10 þús. kr.

VI. *Kostnaður við Kirkjuráð* hækkar um 5 þús. kr.

XIII. *Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi* lækkar um 30 þús. kr.

XVI. *Til eftirlits með kirkjugörðum* hækkar um 3 þús. kr.

XVIII. *Kostnaður við kirkjuþiag*, að upphæð 150 þús. kr., er nýr liður. Þingið var haldið á þessu ári, en þar eð láðst hefur að gera ráð fyrir fjárveitingu til þess á fjárlögum 1962 verður að gera ráð fyrir henni á næsta árs fjárlögum.

XIX. Til Hins íslenzka biblíufélags er nýr liður kr. 100 þús.



Um 16. gr. A.

I. Til *Búnaðarfélags Íslands* hækkar um 250 þús. kr. vegna ráðningar nýs ráðunauts, launahækkana og aukins rekstrarkostnaðar vegna flutnings í nýtt húsnaði.

9. Til *búfjárræktar samkvæmt lögum nr. 54/1957*:

C. Hrossarækt. Til hrossaræktarsambanda hækkar um 5 þús. kr. og verðlaunafé á landssýningu hækkar um 2 þús. kr. Styrkur til fódurbirgðafélaga hækkar um 10 þús. kr.

14. *Framlag samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.*

Á 16. gr. A. 14. b- og d-liðum í fjárlögum þessa árs eru veittar 4.1 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitabæja og ræktunarsjóðs.

Með lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er sett á laggirnar Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem tekur við verkefnum byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs. Samkvæmt 4. gr. téðra laga ber ríkissjóði að greiða til stofnlánadeildar fast árlegt framlag 4 millj. kr. Enn fremur ber ríkissjóði samkv. sömu lagagrein að greiða deildinni árlegt framlag, sem nemi sömu fjárhæð og 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sbr. 2. og 3. tölulið umræddrar lagagreinar. Áætlað er, að gjald þetta nemi 1963 8.5 millj. kr.

17. Til *fyrirhleðslna*. Til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti lækkar um 125 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá, Svaðbælisá, og Laugará hækkar um 8 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Kotá í Örafum hækkar um 10 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Hörðudalsá í Dalasýslu lækkar um 10 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Skaftá við Stjórnarsand lækkar um 10 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Kúðafljóti, 50 þús. kr., er nýr liður.

19. Til *sandgræðslu*. Til fræræktar í Gunnarsholti hækkar um 20 þús. kr. Til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél hækkar um 20 þús. kr. og til sandgræðslustöðva um 250 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 8 þús. kr.

21. Til raflýsingar í Gunnarsholti lækkar um 10 þús. kr.

22. Til *skógræktar*. Skrifstofukostnaður hækkar um 16 þús. kr. Til skjólbelta hækkar um 18 þús. kr. Til skógræðslu á jörðum einstaklinga hækkar um 45 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum hækka um 385 þús. kr., en Skógrækt ríkisins hefur tekið lán að upphæð 2 millj. kr. til 10 ára hjá Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða upp ýmsar lausaskuldir, sem safnast hafa hjá henni á undanförunum árum.

Til gróðurrannsókna hækkar um 35 þús. kr.

Til skógræktarfélaga hækkar um 23 þús. kr.

23. Til mjólkurbúa og smjörslaga hækkar um 100 þús. kr.

Til sóttvarnarstöðva vegna ræktunar holdanauta, 500 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

32. Sauðfjársjúkdómavarnir. Kostnaður við sauðfjársjúkdómanefnd hækkar um 20 þús. kr.

Bætur vegna fjárfögunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 40 þús. kr. Kostnaður við vörzlu hækkar um 50 þús. kr. Nýjar girðingar hækkar um 50 þús. kr. Viðhald girðinga og endurbætur lækkar um 150 þús. kr.

Til niðurgreiðslu vaxta lækkar um 15 þús. kr.

39. Til ráðningarstofu landbúnaðarins hækkar um 10 þús. kr.

40. *Búnaðarkennsla*:

a. *Bændaskólinn á Hólum*. Stundakennsla hækkar um 17 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 21 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri*. Til verklegs náms hækkar um 10 þús. kr. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 8 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum*. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 4 þús. kr. Viðhald skólahúsa hækkar um 28 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 14 þús. kr.

41. *Húsmæðrafræðsla utan kaupstaða*. Nokkrar tilfærslur eru milli einstakra liða, og er þar yfirleitt farið eftir áætlun endurskoðunarskrifstofu skólakostnaðar.

46. *Mat á landbúnaðarafurðum*. Ferðakostnaður matsmanna hækkar um 10 þús. kr.

#### Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 250 þús. kr. aðallega vegna ráðningar skipasmíðaráðunauts og launahækkana.

3. *Til alþjóðahafrannsóknna* hækkar um 95 þús. kr.

4. *Til reikningsskrifstofu sjávarútvegsins* hækkar um 8 þús. kr. vegna launahækkana.

6. *Til alþjóðahvalveiðiráðsins* hækkar um 6 þús. kr.

8. *Til fiskleitar, sildarrannsóknna og veiðitilrauna* er nýr liður, sem kemur í stað þriggja liða í núgildandi fjárlögum og er jafnhár og þeir eru samtals í fjárlögum nú.

9. *Til aflatryggingasjóðs*. Þessi liður kemur í stað liðarins til hlutatryggingasjóðs í núgildandi fjárlögum og hækkar um helming eða úr 8.5 millj. kr. í 17 millj. kr. samkvæmt áætlun starfsmanna sjóðsins. Framlag þetta er lögbundið mótframlag, sem fer algerlega eftir útflutningsverðmæti hvers árs.

12. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum*:

b. *Sildarmat*. Liðurinn tímakaup matsmanna hækkar um 100 þús. kr.

#### Um 16. gr. C.

1. *Til landssambands iðnaðarmanna* hækkar um 100 þús. kr.

12. *Öryggiseftirlit ríkisins*. Þóknun til skoðunarmanna hækkar um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 34 þús. kr.

14. *Kostnaður við vörumerkjaskráningu* hækkar um rúml. 5 þús. kr.

15. *Til verkstjóranámskeiða* hækkar um 29 þús. kr.

#### Um 16. gr. D.

II. *Til undirbúningsrannsóknna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir*. Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins*. Rekstrarkostnaður hækkar um 24 millj. kr. Til aukningar veitna hækkar um 7 millj. kr.

Aðrir liðir gjaldamegin lækka sem hér segir:

Kostnaður seldra vara um 2 millj. kr., kostnaður seldra verka um 3 millj. kr. og ýmsir reikningar, þar með talin vaxtagjöld, um 100 þús. kr.

Teknamegin hækka rekstrartekjur veitna um 14 millj. kr. og ýmsar tekjur um kr. 300 þús.

Aðrir tekjuliðir lækka sem hér segir:

Vörusala um 2.2 millj. kr., verksala um 3.2 millj. kr., framlög um 500 þús. kr. og lántökur og viðskiptahreyfingar um 17.5 millj. kr.

Áætlað er, að 30 millj. kr. halli verði á veitunum árið 1963, og að hann verði jafnaður með lántökum eins og undanfarin ár.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins*. Skrifstofukostnaður hækkar um 28 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 152 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. Flutt á höfuðstól hækkar um 723 þús. kr.

Tekjur hækka um 948 þús. kr. og eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

XI. *Jarðhitadeild*. Skrifstofukostnaður hækkar um 14 þús. kr. og annar kostnaður um 305 þús. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora hækkar um 760 þús. kr.

Tekjur hækka um 1 095 þús. kr., þannig að framlög lækka um 4 millj. kr., en lánsfé hækkar um 5 095 þús. kr., og eru þær áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild Háskólans:*

1. *Iðnaðardeild.* Matvælafræðingur er ráðinn allt árið í stað 7½ mánaðar áður. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 26 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

2. *Fiskideild.* Bætt er við einum sérfræðingi, sem ráðinn er til 3 mánaða á árinu. Annar kostnaður hækkar um 142 þús. kr.

3. *Búnaðardeild.* Bætt er við þremur aðstoðarmönnum. Annar kostnaður hækkar um 116 þús. kr. Tekjur fjárræktarbúsins á Hesti hækka um 10 þús. kr. Annar kostnaður tilraunabúsins á Varmá hækkar um 13 þús. kr. Tekjur þess hækka um 15 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Bætt er við gjaldkera. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 17 þús. kr.

Tekjur frá Hapdrætti Háskóla Íslands falla niður.

II. *Til rannsóknaráðs.* Annar kostnaður hækkar um 12 þús. kr.

III. *Löggildingarstofan.* Annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr.

VI. *Framlag til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvisindum* hækkar um 57 þús. og 500 kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og kaupúna.* Mælingakostnaður hækkar um 10 þús. kr., kostnaður við loftmyndatöku og kortagerð eftir loftmyndum hækkar um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

2. *Til Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar um 15 þús. kr.

Eftirfarandi liðir falla niður:

Til vatnsöflunar á Hellnum í Breiðuvík 50 þús. kr. Til vatnsöflunar í Kelduhverfi 125 þús. kr. Og loks framlag vegna samkeppni um skipulag Reykjavíkur 350 þús. kr.

6. Nýr liður, helmingsþátttaka ríkissjóðs í skipulagi Hafnarfjarðar, 100 þús. kr.

II. *Húsnæðismál:*

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.* Laun hækka um 52 þús. kr. vegna fjölgunar um einn mann í húsnæðismálastjórn.

2. *Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna* hækkar um 3.2 millj. kr. vegna ákvæða laga nr. 60/1962 um Byggingarsjóð verkamanna.

III. *Vinumál:*

1. *Félagsdómur.* Annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr.

3. *Vinnumiðlun* lækkar um 100 þús. kr. miðað við reynslu undanfarið.

11. *Framlag til I. L. O.* hækkar um 164 þús. kr.

IV. *Almannatryggingar:*

1. *Framlag samkv. 24. gr. laga nr. 24/1956* hækkar um 9.1 millj. kr.

2. *Framlag til sjúkratrygginga samkv. 58. gr. laga nr. 24/1956* hækkar um 9.7 millj. kr., þar af um 2.7 millj. kr. vegna hækkunar á daggjöldum á sjúkrahúsum og hælum.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga samkv. lögum nr. 29/1956* er að upphæð 32.9 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir fyrstu afborgun af framlagi 1962, 6 875 þús. kr., en það verður greitt á næstu 4 árum, en framlagið 1962 var eigi tekið upp í fjárlög það ár, þar eð ætlunin var, að það yrði greitt á nokkrum árum.

IV. 4. *Framlag vegna væntanlegra breytinga á lögum um almannatryggingar* 20 millj. kr. er nýr liður. Undanfarin ár hefur staðið yfir heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, sem enn er ekki lokið. Fullvist má telja að gera verði nokkrar breytingar á lögnum fyrir áramót, sem hafa munu í för með sér verulega útgjaldaaukningu þegar á næsta ári.

V. *Önnur félagsmál:*

1. Ríkisframbærsla sjúkra manna og örkumla. Styrkir til berklasjúklinga hækka um 754 þús. kr. Laun lækka um 6 þús. kr. og berklaræktanir hækka um 3 þús. kr. Styrkir til sjúklinga annarra en berklasjúklinga hækka um 4 972 þús. kr., þar af eru um 4.7 millj. kr. vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og hælum.

2. Önnur ríkisframbærsla. Gjöld samkv. 21. gr., 22. og 23. gr. framfærslulaga lækka um 150 þús. kr.

Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis hækkar um 25 þús. kr.

Greiðslur með börnum erlendra manna samkv. 3. bráðabirgðaákvæði framfærslulaga lækka um 200 þús. kr.

4. Styrkur til S.Í.B.S. vegna læknislauna hækkar um 17 þús. kr.

Um 18. gr.

I. *Eftirlaun samkvæmt launalögum* lækka um 33 þús. kr.

II. *Eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna og lifeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé*, hækkar um 888 þús. kr. Mestu veldur um þá hækkun hærri uppbót á lifeyri samkv. 18. gr. I og II. Á móti lækka eftirlaunin vegna fækkunar eftirlaunafólks um 312 þús. kr.

III. Framlag ríkissjóðs samkvæmt 10. gr. laga nr. 64/1955 og 8. gr. laga nr. 66/1955 er áætlað 20 500 þús. kr., sem er hækkun um 2.3 millj. kr. Hækkunin á þessum lið stafar af kauphækkunum og áætlaðri starfsmannafjölgun.

VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lifeyri hækkar um 1.3 millj. kr.

Um 19. gr.

1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Liðurinn hækkar um 130 millj. kr. frá gildandi fjárlögum.

Meginorsakir hækkunarinnar eru tvær. Þegar áætlun var gerð um þennan lið í fjárlögum þessa árs, stóð yfir athugun og endurskoðun á niðurgreiðslu-kerfinu með það fyrir augum að draga mætti úr þessum kostnaði. Þetta reyndist hins vegar ekki fært, að öðru leyti en því, að hætt hefur verið niðurgreiðslu á kartöflum. Í öðru lagi er svo um að ræða verulega aukningu á áætluðu sölumagni niðurgreiðdra vara innanlands frá því, sem var í áætlun fyrir yfirstandandi ár, svo og aukið magn á útfluttu ostaeftni og undanrennudufti.

Niðurgreiðsla á mælieiningu er óbreytt frá áætlun í fjárlögum 1962, nema á dillkakjöti, þar hækkar hún um kr. 2.18 á hvert kg.

Heildarfjárhæð til niðurgreiðslu á vöruverði og til uppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur er áætluð 430 millj. kr. Á grundvelli þess sölumagns landbúnaðarvara, sem seldist innanlands 1961, eru útgjöld til niðurgreiðslu áætluð 352 millj. kr. og til uppbóta á útfluttar afurðir 60 millj. kr. Samkvæmt fenginni reynslu þykir svo rétt að hækka þessa áætlun um ca. 5%, vegna meiri söluaukningar en gert er ráð fyrir í fyrrnefndum áætlunartölum.

5. *Til launauppbóta.* Í september s. l. var samkvæmt hinum nýju lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samið um 7% launahækkun til handa ríkisstarfsmönnum. Ekki var gerlegt að endurreikna launaliði í frv. vegna þessarar uppbótar, þar eð svo áliðið var orðið, er hún var ákveðin. Hefur því þótt hagkvæmt að áætla þessi útgjöld í einu lagi á 19. gr. Enn fremur var á yfirstandandi ári ákveðið að greiða kennurum sérstaka kaupuppbót vegna aukastarfa, sem ekki eru önnur ákvæði um, hvernig greiða skuli, og samsvarar þóknunin greiðslu fyrir

fjórar stundir á viku, þann tíma, sem skóli starfar. Hefur þótt rétt að fá fjárveitingu fyrir launauppbót þessari, fyrir bæði árin 1962 og 1963. Samtals eru framangreindar launauppbætur áætlaðar 65 millj. kr. Að sjálfsögðu falla þessar launauppbætur niður sem slíkar, þegar kjarasamningar þeir, er nú standa yfir, taka gildi, en það verður eigi síðar en 1. júlí 1963. Þrátt fyrir þetta hefur þótt varlegast að áætla þær hér á ársgrundvelli, því að vart er annað ætlandi en að væntanlegir kjarasamningar feli þær í sér með einhverjum hætti.

Um 20. gr.

- Út: I. *Afborganir lána ríkissjóðs* eru taldar nema 20 124 þús. kr. og hækka um 7 565 þús. kr. frá núgildandi fjárlögum. Það, sem einkum veldur þessari hækkun, er afborgun af láni til kaupa á Borgartúni 7, 4 166 þús. og 1.5 millj. kr. hækkun á afborgun af láni hjá Seðlabanka Íslands vegna smíði tíu togara.
- II. *Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs*. Í 3. gr. laga nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð, er gert ráð fyrir, að meðal tekna sjóðsins séu framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni eftir því, sem sjóðurinn þarf á að halda.
- Starfsemi sjóðsins er enn þá á byrjunarstigi og því eigi gerlegt nú að áætla fjárbörf hans. Hefur þótt rétt að áætla framlag til hans jafnhátt því, sem í núgildandi fjárlögum er ætlað til greiðslu afborgana og vaxta af ríkisábyrgðarlánnum í vanskilum, eða 38 millj. kr.
- IX. *Til flugvallagerðar og flugöryggistækja* hækkar um 2 millj. kr.
- XI.2 *Til byggingar menntaskólans í Reykjavík* hækkar um 1 millj. kr.
- XI.6 *Til byggingar Kennaraskóla Íslands* hækkar um 1 millj. kr.
- XV. *Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara* hækkar um 150 þús. kr.
- XVI. *Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík* hækkar um 2 millj. kr. Hefur nú verið gerð heildaráætlun um framkvæmd þessa verks og fjáröflun tryggð m. a. með aðstoð banka. Er gert ráð fyrir því í umræddri áætlun, að ríkisframlag hækki svo sem hér er lagt til.
- XIX. *Dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn* hækkar um 158 þús. kr.
- XXI. *Framlag til atvinnubótasjóðs*. Samkv. l. nr. 40/1962, um atvinnubótasjóð, ber ríkissjóði að greiða til sjóðsins stofnframlag, er nemi 100 millj. kr., og greiðist framlagið með jöfnum 10 ára greiðslum frá 1962 að telja.
- XXIII. *Til embættisbústaða fyrir dýralækna* hækkar um 300 þús. kr.
- XXIV. *Til aukningar landhelgisgæzlu* hækkar um 3.4 millj. kr. og verður alls 8.4 millj. kr. Af þessari fjárhæð ganga 7.4 millj. kr. til greiðslu afborgana og vaxta af kaupverði varðskipsins Óðins, en 1 millj. króna til greiðslu á afborgun af kaupverði gæzluflugvélarinnar Sif.
- XXVI. *Starfsmannahús á Bessastöðum*. Fjárveitingin lækkar um 160 þús. kr.
- XXVIII. *Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti* hækkar um 180 þús. kr.
- XXIX. *Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða* lækkar um 15 þús. kr.
- XX. *Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana* hækkar um 200 þús. kr.
- XXX. *Til byggingar vitaskips* hækkar um 1 092 þús. kr.
- XXXII. *Til að byggja bókhöfuð á forsetrasetrinu að Bessastöðum* er nýr liður 400 þús. kr.
- XXXIII. *Til hlutabréfakaupa í Iðnaðarbanka Íslands h/f* er nýr liður 1 millj. kr. Aðalfundur Iðnaðarbanka Íslands h/f ákvað að nota heimild laga til að auka hlutafé bankans allverulega. Ríkisstjórnin hefur af þessum sökum ákveðið, að auka hlutafé ríkissjóðs um 1 millj. kr. eða úr 3 millj. kr. í 4 milljónir.

Um 22. gr.

- XX. Nauðsyn bar til að gera nokkrar endurbætur á Fiskiðjuverinu á Seyðisfirði, m. a. var sett í það viðbótarvélasamstæða. Greiddi Útvegsbankinn á Seyðisfirði fyrir því með láni, sem hagkvæmt þótti að taka. En ríkissjóður er nú eigandi fiskiðjuversins.
- XXI. Mjög er orðið aðkallandi að reisa nýja lögreglustöð í Reykjavík. Nokkur undanfarin ár hefur verið veitt fé á 20. gr. fjárlaga í þessu skyni, og er það fé geymt á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. Þetta fé hrekkur hvergi nærri til þess að hægt sé nú þegar að hefja framkvæmdir og ljúka þeim með eðlilegum hraða. Nú hefur hins vegar verið gerð áætlun um að koma upp byggingunni á fimm árum og hefur í því sambandi tekizt að tryggja bankalán, sem ásamt nokkuð hækkaðri árlegri fjárveitingu á að nægja til þess að fjárhagshliðinni sé borgið.
- XXII. Eins og kunnugt er hafa ríkissjóður og ríkisstofnanir undanfarið orðið að greiða verulegar fjárhæðir fyrir leiguhúsnæði hjá ýmsum einkaaðiljum. Hefur mikið skort á, að ríkissjóður ætti nægilegt eigið húsnæði fyrir þau embætti og stofnanir, sem undir hann heyra.
- Ríkissjóði hefur boðizt til kaups húseignin Borgartún 7 í Reykjavík, og taldi ríkisstjórnin með skirskotun til þess, er að framan segir, rétt að festa kaup á húseign þessari. Er þar til húsa m. a. ein umfangsmesta stofnun ríkisins, Áfengis- og tóbaksverzlunin, og enn fremur fræðslumálastjóraembættið, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins og bifreiðæftirlit.
- XXIII. Hér er um að ræða undanþágu, sem alls staðar mun tíðkast í svipuðum tilvikum.
- XXIV. Vísast til athugasemda við 13. gr. B. III.
- Niður fellur heimild fyrir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til þess að greiða Styrktarsjóði lamaðra og fatlaðra 10 aura af hverjum eldspýtnastokki, er hún selur með merki félagsins. Þessi heimild hefur nú verið tekin upp í 5. gr. laga nr. 25 1962, um aðstoð til fatlaðra, með þeirri breytingu að gjaldið er hækkað í 20 aura af hverjum stokki.
- XXV. Nýr liður til eflingar krabbameinsvörnum í landinu.

Um 23. gr.

Hér er aflað heimildar til greiðslu þeirrar uppbótar, sem samningar tókust um í september 1962 samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 24. gr.

Í grein þessari felst heimild til að greiða uppbætur á lífeyri til samræmis við launahækkanir, sem ríkisstarfsmenn hafa fengið.

### Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1963.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Póstur og sími:</b>			
	Póst- og símamálastjóri .....	1	II.	kr. 121 188
		<b>1</b>		<b>kr. 121 188</b>
	<b>Rekstrardeild:</b>			
	Rekstrarstjóri .....	1	V.	kr. 100 968
	Aðalgjaldkeri .....	1	VII.	— 87 137
	Aðalbókari .....	1	VII.	— 87 137
	Umferðarmálafulltrúi .....	1	VII.	— 87 137
	Póstmálafulltrúi .....	1	VII.	— 87 137
	Fulltrúar .....	16	VIII.—IX.	— 1 278 004
	Bókarar .....	10	X.—XI.	— 706 777
		<b>31</b>		<b>kr. 2 434 297</b>
	<b>Hagdeild:</b>			
	Hagdeildarstjóri .....	1	V.	kr. 100 968
	Aðalendurskoðandi .....	1	VII.	— 87 137
	Viðskiptafræðingur .....	1	VII.	— 87 137
	Fulltrúar .....	6	VIII.—IX.	— 473 028
	Bókarar .....	7	X.—XI.	— 498 617
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
		<b>17</b>		<b>kr. 1 303 121</b>
	<b>Símatæknideild:</b>			
	<b>Skrifstofa:</b>			
	Yfirverkfræðingur .....	1	IV.	kr. 109 267
	Fulltrúar .....	2	VIII.—IX.	— 163 208
		<b>3</b>		<b>kr. 272 475</b>
	<b>Teiknistofa.</b>			
	Fulltrúi .....	1	VIII.	kr. 81 604
	Aðalteiknari .....	1	IX.	— 76 072
	Teiknari .....	1	X.	— 71 231
		<b>3</b>		<b>kr. 228 907</b>
	<b>Birgðahúsið:</b>			
	Birgðastjóri .....	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúi .....	1	VIII.	— 81 604
	Efnisverðir .....	2	IX.—X.	— 147 303
	Bókarar .....	2	X.—XI.	— 136 929
	Verkstjóri .....	1	X.	— 71 231
	Afgreiðslumaður .....	1	XII.	— 61 869

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Línumaður .....	1	XI.	kr. 65 698
	Bifreiðastjóri .....	1	XI.	— 65 698
		10		kr. 717 469
<b>Viðhald síma:</b>				
	Símafræðingur .....	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúar .....	3	VIII.—IX.	— 239 280
	Símaverkstjóri .....	1	VIII.	— 81 604
	Símritari .....	1	IX.	— 76 072
	Línuverkstjórar .....	8	X.	— 569 848
	Umsjónarmaður .....	1	X.	— 71 231
	Línumenn .....	11	XI.	— 722 678
	Bifreiðastjóri .....	1	XI.	— 65 698
		27		kr. 1 913 548
<b>Viðbót og viðhald stöðva:</b>				
	Símaverkstjóri .....	1	VIII.	kr. 81 604
	Símvirki .....	1	IX.	— 76 072
	Iðnaðarmaður .....	1	X.	— 71 231
		3		kr. 228 907
<b>Ritsímaverkstæðið:</b>				
	Fulltrúi .....	1	VIII.	kr. 81 604
	Iðnaðarmenn .....	4	X.	— 284 924
	Línumenn .....	1	XI.	— 65 698
		6		kr. 432 226
<b>Skiptiborðaverkstæðið:</b>				
	Fulltrúi .....	1	VIII.	kr. 81 604
	Símverkjar .....	7	IX.—X.	— 508 299
	Línumenn .....	2	XI.	— 131 396
	Iðnaðarmaður .....	1	X.	— 71 231
		11		kr. 792 530
<b>Landsímahúsið:</b>				
	Húsvörður .....	1	XII.	kr. 61 869
		1		kr. 61 869
<b>Radiotæknideild:</b>				
<b>Skrifstofan:</b>				
	Yfirverkfræðingur .....	1	VI.	kr. 109 267
	Fulltrúi .....	1	VIII.	— 81 604
		2		kr. 190 871



Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Loftskeytastöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII.	kr. 81 604
	Símritarar .....	4	IX.—X.	— 299 447
	Talsímakonur .....	2	XII.—XIII.	— 118 103
		<b>7</b>		<b>kr. 499 154</b>
	<b>Stuttbylgjustöðin:</b>			
	Deildarstjóri (½ laun) .....	1	VII.	kr. 43 568
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII.	— 81 604
	Símritarar .....	2	X.—IX.	— 147 303
	Loftskeytamaður .....	1	X.	— 71 231
	Símvirkjar (1½ laun) .....	2	IX.	— 114 108
	Fjarritari .....	1	XIII.	— 56 234
		<b>8</b>		<b>kr. 514 048</b>
	<b>Radioflugþjónustan Gufunesi:</b>			
	Deildarstjóri (½ laun) .....	1	VII.	kr. 43 568
	Fulltrúi .....	1	VIII.	— 81 604
	Varðstjórar .....	5	VIII.	— 408 020
	Símritarar .....	38	IX.—X.	— 2 784 234
	Loftskeytamenn .....	2	X.	— 142 462
	Símvirkjar (2½ laun) .....	3	IX.	— 190 180
	Iðnaðarmaður .....	1	X.	— 71 231
		<b>51</b>		<b>kr. 3 721 299</b>
	<b>Rjúpnahæðarstöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII.	kr. 81 604
	Símvirkjar .....	8	IX.	— 608 576
	Símritari .....	1	IX.	— 76 072
	Iðnaðarmenn .....	2	X.	— 142 462
		<b>12</b>		<b>kr. 908 714</b>
	<b>Radioverkstæðið:</b>			
	Símafræðingur .....	1	VII.	kr. 87 137
	Símaverkstjórar .....	5	VIII.	— 408 020
	Fulltrúar .....	2	IX.	— 152 144
	Bókari .....	1	X.	— 71 231
	Símvirkjar .....	13	IX.—X.	— 945 367
	Iðnaðarmenn .....	4	X.	— 284 924
		<b>26</b>		<b>kr. 1 948 823</b>
	<b>Radioeftirlit:</b>			
	Fulltrúar .....	2	VIII.—IX.	kr. 157 676
		<b>2</b>		<b>kr. 157 676</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Viðhald síma (radio):</b>			
	Línuverkstjóri .....	1	X.	kr. 71 231
	Iðnaðarmaður .....	1	X.	— 71 231
	Loftnetsmaður .....	1	XI.	— 65 698
		<b>3</b>		<b>kr. 208 160</b>
	<b>Loranstöðvarnar:</b>			
	Stöðvarstjórar .....	2	VIII.	kr. 163 208
	Símvrirkjar .....	11	IX.—X.	— 807 746
	Loftskeytamaður .....	1	X.	— 71 231
	Vélgæzlumaður .....	1	X.	— 71 231
	Tækjagæzlumenn .....	4	XI.	— 262 792
	Umsjónarmenn .....	2	IX.	— 152 144
	Starfsmaður .....	1	X.	— 71 231
		<b>22</b>		<b>kr. 1 599 583</b>
	<b>Ritsímastöðin í Reykjavík:</b>			
	Yfirvarðstjórar .....	2	VIII.	kr. 163 208
	Varðstjórar .....	3	VIII.	— 244 812
	Símritarar .....	10	IX.—X.	— 751 038
	Fulltrúi .....	1	IX.	— 76 072
	Aðstoðarmaður .....	1	X.	— 71 231
	Loftskeytamaður .....	1	X.	— 67 081
	Talsímakonur .....	2	XIII.	— 107 050
		<b>20</b>		<b>kr. 1 480 492</b>
	<b>Talsímaafgreiðsla ritsímans:</b>			
	Bókari .....	1	X.	kr. 71 231
	Starfsstúlkur .....	4	XIII.	— 214 099
		<b>5</b>		<b>kr. 285 330</b>
	<b>Skeytamóttakan:</b>			
	Bókari .....	1	X.	kr. 71 231
	Skeytaskrárritarar .....	2	X.—XI.	— 136 929
	Starfsstúlkur .....	2	XI.—XIII.	— 119 223
		<b>5</b>		<b>kr. 327 383</b>
	<b>Skeytaútsending:</b>			
	Yfirsendingumenn .....	2	XI.	kr. 131 396
	Sendingumenn .....	8	XII.	— 494 952
		<b>10</b>		<b>kr. 626 348</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Skrifstofa ritsímastjóra:</b>			
	Ritsímastjóri .....	1	VI. kr.	92 669
	Fulltrúi .....	1	VIII. —	81 604
	Bókarar .....	4	X. —	284 924
		<b>6</b>		<b>kr. 459 197</b>
	<b>Langlínumiðstöðin:</b>			
	Yfirvarðstjórar .....	2	X. kr.	142 462
	Varðstjórar .....	2	XI. —	131 396
	Eftirlitsmenn .....	2	XI. —	131 396
	Talsímakonur .....	61	XII.—XIII. —	3 482 725
	Næturvörður .....	1	XI. —	65 698
		<b>68</b>		<b>kr. 3 953 677</b>
	<b>Bæjarsíminn í Reykjavík:</b>			
	Bæjarsímstjóri .....	1	VI. kr.	92 669
	Símafræðingur .....	1	VII. —	87 137
	Umsjónarmaður .....	1	VII. —	87 137
	Fulltrúar .....	11	VIII.—IX. —	869 984
	Innheimtugjaldkeri .....	1	VIII. —	81 604
	Símaverkstjórar .....	5	VIII. —	408 020
	Verkstjóri .....	1	IX. —	76 072
	Símavirkjar .....	19	IX.—X. —	1 377 594
	Bókarar .....	11	X.—XI. —	744 810
	Iðnaðarmenn .....	2	X. —	142 462
	Aðstoðargjaldkerar .....	2	X. —	142 462
	Næturvörður .....	1	XI. —	65 698
	Teiknarar .....	2	X. —	142 462
	Línuverkstjórar .....	4	X. —	284 924
	Línumenn .....	27	XI. —	1 773 846
	Aðstoðarmaður .....	1	XI. —	65 698
	Talsímakonur .....	6	XII.—XIII. —	351 600
		<b>96</b>		<b>kr. 6 794 179</b>
	<b>Hafnarfjörður:</b>			
	<b>Sími:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
	Bókari .....	1	XI. —	65 698
	Talsímakonur .....	3	XIII. —	168 702
		<b>5</b>		<b>kr. 321 537</b>
	<b>Póstur:</b>			
	Fulltrúi .....	1	VIII. kr.	81 604
	Póstafgreiðslumenn .....	2	X. —	142 462
	Bréfberar .....	3	XII. —	185 607
		<b>6</b>		<b>kr. 409 673</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Póststofan í Reykjavík:</b>			
	Póstmeistari .....	1	VI. kr.	92 669
	Deildarstjórar .....	3	VII. —	261 408
	Aðalgjaldkeri .....	1	VII. —	87 136
	Póstvarðstjórar .....	5	VIII. —	408 020
	Fulltrúar .....	20	VIII.—IX. —	1 543 552
	Póstafgreiðslumenn .....	61	IX.—X. —	4 427 327
	Bréfberar .....	26	XII. —	1 608 568
	Húsvörður .....	1	XII. —	61 868
		118		kr. 8 490 548
	<b>Talsímaafgreiðslan við útlönd:</b>			
	Yfirvarðstjóri .....	1	VIII. kr.	81 604
	Varðstjórar .....	2	VIII. —	163 208
	Bókari .....	1	X. —	71 231
	Talsímakonur .....	5	XI. —	328 490
		9		kr. 644 533
	<b>Akureyri:</b>			
	<b>Sími:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
	Fulltrúi .....	1	VIII. —	81 604
	Yfirvarðstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Varðstjórar .....	2	XI. —	131 396
	Símritari .....	1	IX. —	76 872
	Símvirtjar .....	2	IX.—X. —	143 153
	Næturvörður .....	1	XI. —	65 698
	Talsímakonur .....	22	XII.—XIII. —	1 140 051
		31		kr. 1 806 715
	<b>Póstur:</b>			
	Póstmeistari .....	1	VII. kr.	87 137
	Fulltrúar .....	3	VIII.—IX. —	233 748
	Póstafgreiðslumenn .....	3	X. —	213 693
	Bréfberar .....	2	XII. —	123 738
		9		kr. 658 316
	<b>Brú:</b>			
	<b>Sími:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
	Varðstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Símritari .....	1	IX. —	76 072
	Talsímakonur .....	5	XII.—XIII. —	265 132
		8		kr. 509 945

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Ísafjörður:</b>			
	<b>Sími:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
	Varðstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Símritari .....	1	X. —	71 231
	Línumaður .....	1	XI. —	65 698
	Bókari .....	1	XI. —	65 698
	Naturvörður .....	1	XI. —	65 698
	Talsímakonur .....	11	XIII. —	567 099
		<b>17</b>		<b>kr. 1 004 165</b>
	<b>Póstur:</b>			
	Fulltrúi .....	1	VIII. kr.	81 604
	Póstafgreiðslumenn .....	2	X. —	142 462
	Bréfberi .....	1	XII. —	61 869
		<b>4</b>		<b>kr. 285 935</b>
	<b>Seyðisfjörður:</b>			
	<b>Sími:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
	Varðstjórar .....	2	VII.—IX. —	157 676
	Símritarar .....	3	X.—IX. —	218 534
	Bókari .....	1	XI. —	65 698
	Talsímakonur .....	4	XIII. —	203 262
		<b>11</b>		<b>kr. 732 307</b>
	<b>Póstur:</b>			
	Póstafgreiðslumaður .....	1	X. kr.	71 231
		<b>1</b>		<b>kr. 71 231</b>
	<b>Siglufjörður:</b>			
	<b>Sími:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
	Fulltrúi .....	1	IX. —	76 072
	Varðstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Símritari .....	1	IX. —	76 072
	Línumaður .....	1	XI. —	65 698
	Naturvörður .....	1	XI. —	65 698
	Talsímakonur .....	10	XII.—XIII. —	546 519
		<b>16</b>		<b>kr. 998 800</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Póstur:			
	Fulltrúi .....	1	VIII. kr.	81 604
	Póstafgreiðslumenn .....	2	X. —	142 462
	Bréfberi .....	1	XII. —	61 869
		4		kr. 285 935

#### Vestmannaeyjar:

##### Sími:

Stöðvarstjóri .....	1	VII. kr.	87 137
Varðstjóri .....	1	VIII. —	81 604
Simv. verkstjóri .....	1	VIII. —	81 604
Loftskeytamaður .....	1	X. —	71 231
Næturvörður .....	1	XI. —	65 698
Talsimakonur .....	16	XII.—XIII. —	875 797
	21		kr. 1 263 071

##### Póstur:

Fulltrúi .....	1	VIII. kr.	81 604
Póstafgreiðslumenn .....	2	X. —	138 312
Bréfberar .....	2	XII. —	123 738
	5		kr. 343 654

Lausráðnir simvirkjar .....	12		kr. 710 112
	12		kr. 710 112

Launagreiðslur pósts og síma eru áætlaðar samtals kr. 50 717 948.00. Af launum hjá Radioflugþjónustunni, Rjúpnahæðarstöðinni, Loranstöðvunum og stuttþylgjustöðinni í Reykjavík er áætlað að I.C.A.O. endurgreiði kr. 6 229 596.00.

#### Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins:

##### Skrifstofan:

Forstjóri .....	1	III. kr.	118 257
Lyfsölustjóri (hl. launa) .....	1	II. —	72 615
Sölustjóri .....	1	V. —	100 970
Aðalgjaldkeri .....	1	VII. —	87 136
Gjaldkeri .....	1	X. —	71 230
Aðalbókarar .....	2	VII. —	174 272
Fulltrúar .....	3	VIII.—IX. —	233 752
Bókarar .....	10	IX.—XI. —	705 398
Sölumenn .....	4	IX.—XI. —	294 608
Innheimtumenn .....	2	XI. —	131 400
Ritarar .....	2	XI.—XIII. —	121 934

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Grunnlaun
3.	Símastúlka .....	1	XIII.	kr. 56 234
	Bréfritari .....	1	IX.	— 76 074
	Sendisveinn .....	1	—	41 184
		<b>31</b>		<b>kr. 2 245 064</b>

**Ríkisútvarpið:**

**Yfirstjórn:**

Útvarpsstjóri .....	1	IV.	kr. 109 266
Formaður útvarpsráðs .....	1	U.	— 29 825
Útvarpsráð .....	4	U.	— 79 532
Yfirverkfræðingur .....	1	U.	— 119 817

**Aðalskrifstofa:**

Skrifstofustjóri .....	1	VI.	— 92 670
Aðalgjaldkeri .....	1	VIII.	— 81 604
Fulltrúi .....	1	IX.	— 76 072
Bókarar .....	2	XI.	— 131 398
Símavarzla .....	1	XII.	— 61 867
Sendisveinar .....	2	U.	— 72 584

**Innheimtuskrifstofa:**

Innheimtustjóri .....	1	VIII.	— 81 604
Fulltrúi .....	1	IX.	— 76 072
Bókari .....	1	XI.	— 65 699
Ritarar .....	4	XII.	— 247 472
Innheimtumenn .....	2	XI.	— 131 398
Gjaldkeri .....	1	X.	— 71 231

**Auglýsingaskrifstofa:**

Auglýsingastjóri .....	1	VIII.	— 81 604
Bókarar .....	2	XI.	— 131 400
Innheimtumenn .....	2	XI.	— 131 400

**Fréttastofa:**

Fréttastjóri .....	1	VI.	— 92 670
Fréttaritarar .....	7	IX.	— 507 146

**Skrifstofa dagskrár:**

Dagskrárstjóri .....	1	VI.	— 92 670
Fulltrúar .....	2	IX.	— 152 144
Leiklistarráðunautur .....	1	VIII.	— 81 604
Bókari .....	1	X.	— 71 231
Ritari .....	1	XI.	— 65 699
Ráðunautur .....	1	U.	— 19 883
Gjaldkeri .....	1	X.	— 71 231

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Tónlistardeild:</b>			
	Tónlistarstjóri .....	1	VII. kr.	87 136
	Fulltrúar .....	4	IX. —	278 930
	Fiðluleikari .....	1	IX. —	76 072
	Hljómplötuverðir .....	2	X.—XII. —	133 099
	Píanóleikari .....	1	IX. —	76 072
	Bókari .....	1	X. —	71 231
	Aðstoðarmaður .....	1	XIII. —	56 234
	<b>Pulir:</b>			
	Pulir .....	5	IX. —	346 433
	<b>Rannsóknarstofa:</b>			
	Fulltrúi .....	1	VII. —	87 136
	Útvarpsfræðingur .....	1	VII. —	87 136
	<b>Magnarasalur:</b>			
	Forstöðumenn .....	2	VIII. —	163 208
	Magnaraverðir .....	8	X.—IX. —	598 894
	<b>Akureyrarstöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Stöðvarvörður .....	1	IX. —	76 072
	<b>Hornafjarðarstöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Stöðvarvörður .....	1	X. —	71 231
	<b>Vatnsendastöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Stöðvarverðir .....	4	IX.—X. —	299 448
	Vélstjóri .....	1	IX. —	76 072
	<b>Eiðastöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. —	81 604
	Stöðvarvörður .....	1	X. —	71 231
	<b>Aðrir starfsmenn:</b>			
	Tónlistarstjóri .....	1	IX. —	76 072
	Afgreiðslukonur .....	2	XIII. —	107 050
	Dyraverðir .....	2	XIII.—IX. —	132 306
	Umsjónarmaður .....	1	XII. —	61 868
	Aðstoðarmaður .....		U. —	18 049
		<b>91</b>		<b>kr. 6 404 189</b>
	<b>Viðtækjaverzlun ríkisins:</b>			
	Forstjóri .....	1	VI. kr.	92 670
	Skrifstofustjóri .....	1	VII. —	87 135
	Sólumaður .....	1	X. —	71 231
	Bókarar .....	2	X.—XI. —	136 931
	Útvarpsvirki .....	1	IX. —	76 071



Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Bifreiðastjóri .....	1	X.	kr. 71 231
	Ritari .....	1	XI.	— 65 700
		8		kr. 600 970

**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:**

Forstjóri .....	1	V.	kr. 100 966
Skrifstofustjóri .....	1	VI.	— 92 669
Bókari .....	1	XI.	— 65 699
Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
Bifreiðarstjóri .....	1	VIII.	— 81 603
Afgreiðslumaður .....	1	U.	— 60 000
Sendisveinn .....	1	U.	— 27 300
	7		kr. 484 471

**Landssmiðjan:**

Forstjóri .....	1	V.	kr. 100 978
Skrifstofustjóri .....	1	VI.	— 92 670
Gjaldkeri og aðalbókari .....	2	VII.	— 174 272
Bókarar .....	4	VIII.—X.	— 301 517
Ritarar .....	2	X.—XII.	— 113 900
Innheimtumaður .....	1	XI.	— 65 698
Símastúlka .....	1	XII.	— 51 866
Sendisveinar .....	2	U.	— 59 654
	14		kr. 960 555

**Innkaupastofnun ríkisins:**

Forstjóri .....	1	III.	kr. 118 260
Skrifstofustjóri .....	1	VI.	— 92 670
Sölustjóri .....	1	VII.	— 87 136
Gjaldkeri .....	1	VII.	— 87 136
Bókari .....	1	X.	— 71 230
Ritarar .....	2	XIII.	— 112 468
Afgreiðslumaður .....	1	X.	— 71 230
Sölumaður .....	1	VIII.	— 81 603
	9		kr. 721 733

**10. I. 2. Stjórnarráðið:**

**Atvinnumálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
Deildarstjórar .....	2	V.	— 201 934
Fulltrúar .....	3	VI.—VII.	— 278 010
Bókari .....	1	X.	— 71 231
Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
	8		kr. 725 666

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
10. I. 2.	<b>Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjórar .....	2	V.	— 201 934
	Fulltrúar .....	4	VI.—VII.	— 354 078
	Ritari .....	1	XIV.	— 56 234
	Bókarar .....	2	X.	— 142 462
		10		kr. 872 965

	<b>Félagsmálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjóri .....	1	V.	— 100 967
	Fulltrúar .....	4	VI.	— 370 680
	Bókarar .....	2	X.	— 142 462
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
		9		kr. 788 600

	<b>Fjármálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjóri .....	1	V.	— 100 967
	Fulltrúar .....	5	VI.—VII.	— 441 214
	Bókarar .....	2	X.	— 142 462
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
	Aðstoðaryravorður .....	1	XII.	— 61 868
		11		kr. 921 002

	<b>Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins:</b>			
	Ríkisendurskoðandi .....	1	III.	kr. 118 257
	Endurskoðendur .....	2	III.—VI.	— 210 927
	Deildarstjóri .....	1	V.	— 100 967
	Fulltrúar .....	15	VII.—VIII.	— 1 307 037
	Bókarar .....	2	X.	— 142 462
	Ritarar .....	2	XIII.	— 112 468
		23		kr. 1 992 118

	<b>Forsætis- og menntamálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjóri .....	1	V.	— 100 967
	Fulltrúar .....	3	VI.—VII.	— 266 942
	Bókarar .....	2	X.	— 142 462
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
		8		kr. 684 862

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
10. I. 2.	<b>Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjóri .....	1	V.	— 100 967
	Fulltrúi .....	1	VI.	— 92 670
	Bókari .....	1	X.	— 71 231
		<b>4</b>		<b>kr. 383 125</b>
	<b>Utánríkisráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Sendiherra .....	1	III.	— 118 257
	Deildarstjórar .....	2	V.	— 201 934
	Fulltrúi .....	1	VI.	— 92 670
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
	Sendisveinn .....	1	U.	— 26 400
	Bókarar .....	4	X.	— 238 701
	Deildarstjóri (hl. launa) .....		V.	— 25 587
		<b>11</b>		<b>kr. 878 040</b>
	<b>Utánríkisráðuneytið, varnarmáladeild:</b>			
	Deildarstjóri .....	1	V.	kr. 100 967
	Fulltrúar .....	3	VI.—VII.	— 272 476
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
	Ráðningastjóri .....	1	VII.	— 87 136
	Aðstoð og fæðispeningar .....		—	— 22 572
		<b>6</b>		<b>kr. 539 385</b>
	<b>Viðskiptamálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjórar .....	2	V.	— 201 934
	Fulltrúar .....	3	VII.	— 261 408
	Bókarar .....	2	X.	— 139 706
	Ritari .....	1	U.	— 28 404
		<b>9</b>		<b>kr. 749 709</b>
	<b>Hagstofan:</b>			
	Hagstofustjóri .....	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjórar .....	2	V.	— 201 934
	Fulltrúar .....	5	VI.—VII.	— 446 748
	Umsjónarmenn .....	2	IX.	— 152 144
	Bókarar .....	4	IX.—X.	— 269 017
	Ritarar .....	4	XIV.—XIII.	— 179 983
		<b>18</b>		<b>kr. 1 368 083</b>
	<b>Þjóðskráin:</b>			
	Fulltrúi .....	1	VI.	kr. 92 670
	Bókarar .....	2	IX.—X.	— 147 303
	Starfsmaður .....	1	IX.	— 76 072
		<b>4</b>		<b>kr. 316 045</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>10. I. 2.</b>	<b>Aðrir starfsmenn:</b>			
	Dyravörður .....	1	XII.	kr. 61 868
	Símastúlkur .....	3	XIV.—XIII.	— 154 920
		<b>4</b>		<b>kr. 216 788</b>
<b>10. I. 3.</b>	<b>Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:</b>			
	<b>Ríkisféhirzla:</b>			
	Ríkisféhirðir .....	1	IV.	kr. 109 266
	Féhirðir .....	1	VII.	— 87 136
	Aðstoðarféhirðir .....	1	X.	— 71 231
	Fulltrúi .....	1	VII.	— 87 136
	Skiptimyntarféhirðir .....	1	X.	— 71 231
	Ritari .....	1	XIII.	— 49 290
	Aðstoð .....			— 16 401
	<b>Ríkisbókhald:</b>			
	Ríkisbókari .....	1	IV.	— 109 266
	Fulltrúar .....	9	VII.—VIII.	— 749 646
	Bókarar .....	3	IX.—X.	— 218 534
	Aðstoðarmaður .....	1	U.	— 35 000
		<b>20</b>		<b>kr. 1 604 137</b>
<b>11. A.</b>	<b>Hæstiréttur:</b>			
	Dómsforseti .....	1	I.	kr. 129 750
	Dómarar .....	4	I.	— 519 000
	Hæstaréttarritari .....	1	III.	— 118 257
	Dómvörður .....	1	X.	— 71 231
	Ritari .....	1	XIII.	— 56 234
		<b>8</b>		<b>kr. 894 472</b>
	<b>Saksóknaraembættið:</b>			
	Saksóknari .....	1	I.	kr. 129 750
	Fulltrúar .....	3	IV.—VI.	— 294 606
	Skrifstofustjóri .....	1	VI.	— 92 670
	Sakaskrárritarar .....	2	IX.—VII.	— 163 207
	Ritarar .....	2	X.—XIII.	— 126 111
		<b>9</b>		<b>kr. 806 344</b>
	<b>Borgardómaraembættið í Reykjavík:</b>			
	Yfirborgardómari .....	1	III.	kr. 118 257
	Borgardómarar .....	5	IV.	— 546 330
	Fulltrúar .....	3	VI.—VII.	— 266 942
	Bókarar .....	2	XI.	— 131 398
	Ritarar .....	4	XIII.	— 224 936
		<b>15</b>		<b>kr. 1 287 863</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>11. A.</b>	<b>Borgarfógetaembættið í Reykjavík:</b>			
	Borgarfógeti .....	1	IV. kr.	109 266
	Fulltrúar .....	6	VI. —	556 020
	Firmaskrárritari .....	1	X. —	71 231
	Gjaldkeri .....	1	X. —	71 231
	Bókarar .....	3	X. —	213 693
	Ritari .....	1	XIV. —	56 234
	Bifreiðarstjóri .....	1	X. —	71 231
	Aukaaðstoð .....		—	5 400
		<b>14</b>		<b>kr. 1 154 306</b>
	<b>Sakadómaraembættið í Reykjavík:</b>			
	Yfirsakadómari .....	1	III. kr.	118 257
	Sakadómarar .....	4	IV. —	437 064
	Skrifstofustjóri .....	1	VI. —	92 670
	Fulltrúar .....	3	VII. —	261 407
	Bókari .....	1	X. —	71 231
	Ritarar .....	7	XIII. —	393 639
	Innheimtustjóri .....	1	VII. —	87 136
		<b>18</b>		<b>kr. 1 461 404</b>
	<b>Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:</b>			
	Lögreglustjóri .....	1	III. kr.	118 257
	Skrifstofustjóri .....	1	VI. —	92 670
	Fulltrúar .....	3	VI.—VIII. —	261 409
	Bókarar .....	3	X. —	213 694
	Eftirlitsmenn .....	2	IX.—X. —	147 304
	Ritari .....	1	XIII. —	56 234
	Húsvörður .....	1	XII. —	61 867
		<b>12</b>		<b>kr. 951 435</b>
	<b>Lögreglustjóraembættið á Keflavíkur- flugvelli:</b>			
